

Nd. **395. Breytingartillaga** [140. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 frá 16. maí 1974, um gatnagerðargjöld.

Frá félagsmálanefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

4. gr. laganna orðist svo:

Gjald skv. 3. gr. má innheimta af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið sett á og þar sem gangstéttir hafa verið lagðar, enda sé eigi lengri tími en fimm ár liðinn frá því að slitlag var sett eða gangstétt lögð. Má gjaldið nema allt að meðalkostnaði við þessar framkvæmdir.